

2026-2027

Starfsáætlun

Grunnskólinn í Stykkishólmi



GLEÐI SAMVINNA SJÁLFSTÆÐI

Efnisyfirlit

Inngangur og gildi skólans.....	2
Starfsáætlun.....	3
Stjórnskipulag.....	4
Öryggi og viðbragðsáætlanir	5
Skipulagsdagar	5
Starfsþróun	8
Námsmat.....	8
Starfsáætlun nemenda	9
Stoðþjónusta	11
Ráð og nefndir	13
Áherslu skólaársins 2026-2027	17
Innra mat og umbótastarf.....	24
Mælaborð skólaársins og mat við lok skólaárs	25

Inngangur og gildi skólans

Starfsáætlun er leiðarvísir fyrir skólastarfið og lýsir helstu áherslum, markmiðum og verkefnum skólaársins. Hún byggir á Aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu sveitarfélagsins, niðurstöðum innra mats og umbótaáætlun skólans.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi leggjum við áherslu á að skapa öflugt lærdómssamfélag þar sem nemendur, starfsfólk og foreldrar vinna saman að því að efla nám, vellíðan og farsæld. Við trúum því að með fagmennsku, samvinnu og stöðugri ígrundun skapist skóli sem þróast í takt við þarfir nemenda og samfélagsins.

Við leggjum jafnframt áherslu á að viðhalda símalausu skólaumhverfi sem styður við jákvæð samskipti, aukna þátttöku og góða líðan nemenda.

Starfsáætlunin er lifandi skjal sem styður við markvissa framkvæmd skólastarfs og er jafnframt grundvöllur innra mats og áframhaldandi umbótastarfs. Með sameiginlegri ábyrgð, fagmennsku og góðu samstarfi byggjum við skólasamfélag þar sem allir fá tækifæri til að vaxa og dafna.

Starf Grunnskólans í Stykkishólmi byggir á sameiginlegum gildum sem endurspeglast í daglegu skólastarfi og samskiptum innan skólasamfélagsins.

- Við sýnum hvert öðru kurteisi, tillitssemi og virðingu og leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Við berum ábyrgð á eigin námi, störfum og hegðun og leggjum okkur fram um að stuðla að öryggi og vellíðan allra
- Við vinnum saman að trausti og metnaði, lærum hvert af öðru og nýtum styrkleika hvers og eins til að efla skólastarfið
- Við erum lærdómssamfélag þar sem nemendur og starfsfólk læra saman, nýta reynslu og gögn til að þróa skólastarfið og leita stöðugt leiða til umbóta.

Tengsl við menntastefnu sveitarfélagsins og Aðalnámskrá

Starfsáætlun Grunnskólans byggir á Aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu sveitarfélagsins og öðrum lögðum og reglugerðum sem gilda um starf grunnskóla. Áherslur starfsáætlunarinnar endurspeгла jafnframt stefnu skólans, niðurstöður innra mats og umbótaáætlun skólaársins.

Við skipulag náms og kennslu er lögð áhersla á að grunnþættir menntunar fléttist inn í allt skóalstarf. Markmið okkar er að skapa námsumhverfi þar sem nemendur efla þekkingu, hæfni og ábyrgð og fá tækifæri til að taka virkan þátt í námi og skólasamfélaginu.

Áherslur starfsáætlunarinnar styðja við markmið Aðalnámskrár um fjölbreytt nám, vellíðan, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði og öflugt samstarf heimila og skóla.

Starfsáætlun

Starfsáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi er leiðarvísir fyrir skólastarfið á skólaárinu 2026–2027. Í henni eru sett fram helstu áhersluverkefni, markmið og leiðir sem starfsfólk skólans vinnur eftir til að efla nám, vellíðan og farsæld nemenda.

Starfsáætlunin styður við markvissa framkvæmd skólastarfs, skapar sameiginlega sýn og skýrir ábyrgð og forgangsröðun verkefna. Hún byggir á Aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu sveitarfélagsins, niðurstöðum innra mats og umbótaáætlun skólans.

Starfsáætlunin er jafnframt lifandi vinnuskjal sem er endurskoðað reglulega í ljósi reynslu og gagna. Við lok skólaárs er metið hvernig til hefur tekist að ná settum markmiðum og niðurstöður nýttar við áframhaldandi þróun og umbætur á skólastarfinu.

Skóladagatal

Skóladagatal Grunnskólans í Stykkishólmi er unnið í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga og er ætlað að skapa skýra umgjörð um skipulag skólaársins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Skólaárið samanstendur af **180 kennsludögum fyrir nemendur**. Auk þess eru skipulagsdagar og starfsþróunardagar starfsfólks þar sem unnið er að faglegri þróun, skipulagningu kennslu og umbótastarfi. Á skóladagatalinu má finna upplýsingar um upphaf og lok skólaárs, frídaga, skipulagsdaga, uppbrotsdaga, foreldraviðtöl og aðra helstu viðburði skólaársins.

Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans og getur tekið breytingum ef sérstakar aðstæður kalla á. Verði breytingar eru þær kynntar tímanlega fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki.

Skóladagatal 2026-2027

Hagnýtar upplýsingar

Skrifstofa skólans er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7:30 – 15:00 og föstudaga frá kl. 7:30 – 14:00.

Símanúmer: 433-8177

Tölvupóstur: grunnskoli@stykk.is

Kennarar og starfsfólk skólans er aðgengilegt í gegnum síma og tölvupóst. Fyrirspurnum er svarað við fyrsta tækifæri, innan vinnutíma hvers og eins. Kennarar svara ekki í síma eða taka við skilaboðum í síma á meðan á kennslu stendur. Ef málið þolið ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu skólaritara.

Foreldrar/forsjáraðilar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma í

einkasíma þeirra eða ónáða með því að senda skilaboð í gegnum Messenger, Instagram, WhatsApp eða aðra samfélagsmiðla.

Stjórnskipulag

Skólastjóri ber ábyrgð á stjórnun, rekstri og faglegri forystu skólans. Hann ber meðal annars ábyrgð á stefnumótun, fjármálum, starfsmannamálum, innra mati, starfsþróun, upplýsingamiðlun og samskiptum við skólayfirvöld, skólaráð og foreldrafélag.

Stjórnendateymi skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans.

Stjónendur vinna náið saman, skipta með sér verkefnum og kynna ábyrgðar- og verkefnaskiptingu fyrir starfsfólki í upphafi skólaárs.


Á skólaárinu 2026-2027 starfa um 60 starfsmenn í samreknnum grunn- og tónlistarskóla í fjölbreyttum hlutverkum.

Allt starfsfólk tekur þátt í að móta og þróa skólastarfið með það að markmiði að skapa jákvætt, metnaðarfullt og faglegt námsumhverfi þar sem virðing, samvinna og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Starfsfólk er mikilvægar fyrirmyndir nemenda og leggur áherslu á fagmennsku, ábyrgð og uppbyggileg samskipti í daglegu starfi.

STJÓRNSKIPULAG

Skólastjóri ber ábyrgð á stjórnun, rekstri og faglegri forystu skólans.

Stjórnendateymi skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu.



Öryggi og viðbragðsáætlanir

Öryggi og velferð nemenda og starfsfólks er eitt af meginviðfangsefnum skólastarfsins. Grunnskólinn í Stykkishólmi vinnur samkvæmt skýrum öryggis- og viðbragðsáætlunum sem ætlað er að tryggja markviss viðbrögð við ólíkum aðstæðum og stuðla að öruggu námsumhverfi.

Á heimasíðu skólans eru birtar helstu öryggisáætlanir, þar á meðal:

- Áfallaáætlun
- Áætlun um öryggi og heilbrigði
- Viðbragðsáætlun ef nemandi týnist
- Rýmingaráætlun

Á hverju hausti er haldin rýmingaræfing í samstarfi við Slökkvilið bæjarins þar sem nemendur og starfsfólk æfa viðbrögð við eldsvoða.

Til að tryggja öryggi nemenda eru nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar um einstaka nemendur skráðar með öruggum hætti, aðgengilegar þeim starfsmönnum sem þurfa á þeim að halda og kynntar viðkomandi starfsfólki í upphafi skólaárs.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru mikilvægur þáttur í faglegu skólastarfi og starfsþróun. Á þeim dögum vinna stjórnendur og starfsfólk saman að undirbúningi kennslu, skipulagningu skólastarfs, endurmenntun, þróunarverkefnum og innra mati með það að markmiði að efla gæði náms og kennslu.

Á skólaárinu eru **13 skipulagsdagar**:

4 dagar áður en kennsla hefst að hausti,

5 dagar dreifðir á starfstíma skólaársins, og

4 dagar að lokinni kennslu að vori.

Skipulagsdagarnir skapa starfsfólki tækifæri til að undirbúa skólaárið, efla faglegt samstarf, rýna í skólastarfið og vinna markvisst að þeim áherslum og umbótaverkefnum sem lögð eru til grundvallar skólastarfinu.

Skipulagsdagar eru fjárfesting í fagmennsku starfsfólks og skapa mikilvægan grunn að öflugu skólastarfi og farsælu námi nemenda.

Skipulagsdagar í ágúst

Skipulagsdagarnir í ágúst eru ætlaðir til að undirbúa skólaárið og skapa sameiginlegan faglegan grunn fyrir allt starfsfólk.

Helstu viðfangsefni eru meðal annars:

Áherslu skólaársins – sameiginleg sýn á markmið, verkefni og forgangsörðun verkefna.

Nám og kennsla – yfirferð námsvísa, kennsluáætlana, leiðsagnarnáms og skipulag kennslu.

Stoðþjónusta – skipulag stuðnings við nemendur, yfirferð skimunaráætlunar, verklags og samstarf stoðþjónustuteymis.

Innra mat og umbótastarf – kynning á niðurstöðum innra mats, mótun gæðaráðs og skipulag umbótaverkefna skólaársins.

Starfsþróun – kynning á fræðslu og faglegum áherslum skólaársins.

Skólabragur og samstarf – samræming vinnubragða og verkferla, efling teymisvinnu og undirbúningur fyrir móttöku nemenda.

Markmiðið er að allt starfsfólk hefji skólaárið með sameiginlega sýn á áherslur, skýrt skipulag og sameiginlega ábyrgð á því að skapa jákvætt, öruggt og metnaðarfullt námsumhverfi fyrir alla nemendur.

Skipulagsdagar á skólatíma

Skipulagsdagar á starfstíma skólaársins eru nýttir til að efla gæði skólastarfs með markvissri ígrundun, faglegu samstarfi og áframhaldandi þróunarvinnu. Viðfangsefni daganna ráðast af áherslum skólaársins, niðurstöðum innra mats og þeim umbótaverkefnum sem unnið er að hverju sinni.

Á skipulagsdögum er meðal annars unnið með:

- umbótaáætlun skólans og eftirfylgni verkefna,
- innra mat og greiningu gagna,
- leiðsagnarnám, námsmat og námsvísa,
- stoðþjónustu, farsæld og vellíðan nemenda,
- læsi og námsárangur,
- starfsþróun og faglega fræðslu,
- samstarf, teymisvinnu og samræmingu verklags.

Lögd er áhersla á virka þátttöku alls starfsfólks þar sem unnið er í umræðum, vinnustofum, teymum og sameiginlegri ígrundun. Með þessum hætti skapast tækifæri til að miðla reynslu, þróa starfshætti og styrkja sameiginlega sýn á skólastarfið.

Markmið skipulagsdaganna er að styðja við faglegt lærdómssamfélag þar sem starfsfólk vinnur saman að því að þróa skólastarfið og skapa nemendum sem best námsumhverfi.

Skipulagsdagar að vori

Skipulagsdagar að loknu skólaári eru nýttir til að gera upp starfsárið, fagna árangri og leggja grunn að áframhaldandi þróun skólastarfsins. Áhersla er lögð á faglega ígrundun, miðlun reynslu og markvissan undirbúning næsta skólaárs.

Helstu viðfangsefni eru meðal annars:

Lærdómsþing kennara, fræin sem spruttu á skólaárinu kennarar miðla reynslu, kynna verkefni og deilir góðum kennsluháttum frá liðnu skólaári.

Námsmat og námsframvinda með yfirferð á niðurstöðum og lærdómi skólaársins.

Innra mat og umbótastarf, þar sem farið er yfir niðurstöður innra mats, metinn árangur starfsáætlunar og mótuð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlanir og áætlanir skólans, með endurskoðun, uppfærslu og undirbúningi fyrir komandi skólaár.

Starfsþróun og endurmenntun, þar sem farið er yfir starfsþróun starfsfólks og skipulögð sí- og endurmenntun sumarsins og næsta skólaárs.

Sýn og stefna skólans, þar sem sameiginleg gildi, áherslur og þróun skólastarfs eru rædd.

Frágangur skólaársins og undirbúningur fyrir nýtt skólaár.

Skipulagsdagarnir að vori gefa starfsfólki tækifæri til að staldra við, læra af reynslunni og móta sameiginlega næstu skref. Þannig verður lok skólaárs jafnframt upphaf að markvissri þróunarvinnu fyrir komandi skólaár.

Fundaráætlun

Við upphaf hvers skólaárs er gefin út fundaráætlun fyrir kennarafundi, teymisfundi og aðra fagfundi skólans. Fundaráætlunin er mikilvægur hluti af skipulagi skólastarfsins og styður við markvissa framkvæmd starfsáætlunar, innra mats og umbótastarfs.

Á fundaráætluninni koma fram tímasetningar funda ásamt helstu viðfangsefnum hvers fundar. Með því skapast skýr yfirsýn yfir faglega vinnu skólaársins og starfsfólk getur undirbúið sig fyrir umræður og verkefni.

Viðfangsefni fundanna eru fjölbreytt en taka meðal annars til:

- innra mats og umbótastarfs,
- nám og kennslu,
- leiðsagnarnáms og námsmats,
- stoðþjónustu og farsældar,
- læsis og námsárangurs,
- starfsþróunar og faglegrar fræðslu,
- skipulags og daglegrar framkvæmdar skólastarfs.

Lögð er áhersla á að fundir séu vettvangur samstarfs, ígrundunar og sameiginlegs lærdóms þar sem starfsfólk tekur virkan þátt í þróun skólastarfs og mótun sameiginlegrar sýnar.

Fundaráætlun

Starfsþróun

Grunnskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á markvissa starfsþróun sem styður við fagmennsku starfsfólks og þróun skólastarfs. Starfsþróun er samofin daglegu starfi skólans og tekur mið af áherslum starfsáætlunar, niðurstöðum innra mats og umbótaáætlun skólans.

Á hverju skólaári er lögð áhersla á að starfsþróun og endurmenntun tengist þeim umbótaþáttum sem unnið er að hverju sinni. Með þeim hætti verður símenntun hluti af sameiginlegri þróunarvinnu skólans og styður við aukin gæði náms, kennslu og skólastarfs.

Starfsþróun fer fram með fjölbreyttum hætti, meðal annars í gegnum:

- skipulagsdaga og faglega vinnufundi,
- fræðslu og vinnustofur,
- teymisvinnu og faglegt samtal,
- ígrundun kennsluhátta og miðlun góðra verkefna,
- námskeið og ráðstefnur innanlands og erlendis,
- sjálfstætt nám og símenntun starfsfólks.

Allir kennarar taka árlega þátt í starfsþróunarsamtali með stjórnanda þar sem rætt er um styrkleika, starfsþróun, markmið og símenntun. Samtölin styðja við faglega þróun einstaklingsins og samræmast áherslum skólans.

Nýir kennarar fá stuðning leiðsagnarkennara á fyrsta starfsári sínu. Markmið leiðsagnar er að auðvelda aðlögun að starfi, efla faglegt öryggi og kynna starfshætti, gildi og menningu skólans.

Við lítum á starfsþróun sem sameiginlegt lærdómsferli þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru, deilir reynslu og þróar skólastarfið í sameiningu.

Námsmat

Námsmat í Grunnskólanum í Stykkishólmi byggir á Aðalnámskrá grunnskóla og er ætlað að styðja við nám, framfarir og vellíðan nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat sem veitir nemendum reglulega endurgjöf um stöðu sína í náminu og leiðbeinir þeim um næstu skref. Skólaárinu er skipt í **sex námslotur**. Í hverri lotu vinna nemendur að afmörkuðum námsmarkmiðum og fá reglulega leiðsögn og endurgjöf frá kennurum. Við lok hvernar lotu er birt námsmat sem gefur upplýsingar um stöðu nemenda gagnvart þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið með á tímabilinu.

Við lok námstímabila í **desember og júní** fá nemendur jafnframt vitnisburð sem gefur heildstæða mynd af námsframvindu þeirra í hverri námsgrein. Vitnisburðurinn byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og endurspeglar stöðu nemenda við lok viðkomandi námstímabils.

Markmið námsmats er að gera námið sýnilegt, styðja við framfarir hvers nemanda og efla samstarf milli nemenda, foreldra og skóla um námið.



Starfsáætlun nemenda

Starfsáætlun nemenda er leiðarvísir fyrir nemendur og foreldra/forsjáraðila um daglegt skólastarf. Grunnskólinn í Stykkishólmi er símalaus skóli. Markmið símalauss skólaumhverfis er að efla einbeitingu, námsárangur, samskipti og vellíðan nemenda. Nánari upplýsingar um framkvæmd og verklag er að finna í leikreglum skólans

Skólasókn, mætingar og leyfisbeiðnir,

Góð skólasókn er afar mikilvæg ef námið á að skila þeim árangri sem stefnt er að. Allar fjarvistir nemenda eru skráðar í námsumsjónarkerfi skólans og koma fram á vitnisburðarblöðum nemenda. Umsjónarkennari setur sig í samband við foreldra/forsjáraðila ef mæting nemenda verður ábótavant.

Foreldrar sækja um **eins dags leyfi** og skrá forföll í Mentor.

Stytttri leyfi, **að hámarki þrír dagar** er sótt um hjá umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans.

Lengri leyfi er sótt um á heimasíðu skólans eða hjá skólastjóra.

Regluleg skólasókn er ein mikilvægasta forsenda náms, félagslegrar þátttöku og vellíðunar nemenda. Því eru foreldrar hvattir til að skipuleggja ferðalög og önnur erindi, eftir því sem kostur er, utan kennslutíma.

Skólastjóri getur veitt leyfi frá skólasókn í einstökum tilvikum. Við ákvörðun um leyfisveitingu er meðal annars horft til lengdar leyfis, námsstöðu nemandans og þeirra áhrifa sem fjarvera getur haft á nám og þátttöku í skólastarfinu.

Foreldrar sem óska eftir leyfi bera ábyrgð á skólasókn barns síns og á því að nemandinn vinni, eftir því sem unnt er, úr því námi sem hann missir af meðan á leyfi stendur.

Kennarar veita upplýsingar um viðfangsefni og námsmarkmið en útbúa að öðru leiti ekki sérstakt námsefni fyrir nemanda á meðan leyfi stendur.

Með góðu samstarfi heimila og skóla skapast bestu aðstæður til að styðja við samfellu í námi og farsæla skólagöngu nemenda.

Leikreglur

Í skólanum er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan vinnuanda. Við leggjum áherslu á að öllum líði vel og hafi tækifæri til að læra og dafna. Til þess að skapa jákvætt og öflugt skólasamfélag leggjum við áherslu á sameiginlega ábyrgð og virðingu. Við gerum þær væntingar til allra nemenda að þeir:

- **Mæti undirbúnir til náms**, sýni stundvísi og leggi sig fram í daglegu skólastarfi.
- **Taki virkan þátt í námi sínu**, sýni forvitni og nýti endurgjöf til að efla eigin framfarir.
- **Komi fram við aðra af virðingu**, sýni kurteisi, samkennd og stuðli að jákvæðum samskiptum.
- **Taki ábyrgð á eigin hegðun og umhverfi**, fari vel með eigur skólans og stuðli að góðum skólabrag.
- **Leggi sitt af mörkum til skólasamfélagsins**, taki þátt í verkefnum og sýni öðrum tillitssemi og hjálpsemi.

Við trúum því að með samvinnu, ábyrgð og jákvæðu viðhorfi geti allir lagt sitt af mörkum til að skapa skóla þar sem nám, vellíðan og virðing fara saman.

Stundatöflur og kennslumagn

Stundatöflur Grunnskólans í Stykkishólmi eru skipulagðar í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla og viðmið um lágmarkskennslumagn. Við gerð stundataflna er leitast við að skapa jafnvægi milli bóklegra og verklegra námsgreina, hreyfingar, list- og verkgreina og fjölbreyttra kennsluhátta.

Við skipulag skóladagsins er jafnframt tekið mið af aldri nemenda, námsþörfum og markmiðum skólans um fjölbreytt og heildstætt nám. Kennslumagn í hverjum árgangi uppfyllir ákvæði Aðalnámskrár og endurspeglast í stundatöflum nemenda.

1.-4.bekkur	5.-7.bekkur	8.-10.bekkur
30 stundir	35 stundir	37 stundir

Skóladagurinn hjá nemendum á yngsta og miðstigi hefst kl. **8:10** en á unglingastigi hefst skóladagurinn kl. **8:30**.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Grunnskólans í Stykkishólmi byggir á þeirri sýn að allir nemendur eigi rétt á stuðningi sem tekur mið af styrkleikum þeirra og þörfum. Markmið stoðþjónustunnar er að stuðla að farsælli skólagöngu, virkri þátttöku og vellíðan allra nemenda.

Við skipulag stoðþjónustunnar er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun, markvissa eftirfylgni og gagnadrifna ákvarðanatöku. Stuðningur við nemendur byggir á reglulegri gagnaöflun og greiningu, meðal annars út frá samræmdri skimunaráætlun skólans, Lesferli, stöðu- og framvinduprófum og öðrum upplýsingum um nám, líðan og þátttöku nemenda.

Við skólann starfar stoðþjónustuteymi sem skipað er kennurum og stuðningsfulltrúum. Deildarstjóri stoðþjónustu leiðir starf teymisins og boðar reglulega teymisfundi þar sem farið er yfir gögn, metnar þarfir nemenda og ákveðnar viðeigandi aðgerðir og eftirfylgni.

Stoðþjónustan byggir á nánu samstarfi kennara, nemenda, foreldra og sérfræðinga eftir því sem við á. Markmið samstarfsins er að tryggja samræmd vinnubrögð og veita hverjum nemanda þann stuðning sem best stuðlar að námi, vellíðan og farsælli skólagöngu.

Farsæld barna

Grunnskólinn í Stykkishólmi starfar samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið farsældarstarfs er að tryggja snemmtækan stuðning, samræmda þjónustu og gott samstarf milli heimila, skóla og annarra þjónustuaðila þegar þörf krefur.

Við skólann starfar tengiliður farsældar sem hefur það hlutverk að veita foreldrum og starfsfólki ráðgjöf um farsældarþjónustu, styðja við samstarf við viðeigandi þjónustuaðila og fylgja eftir málum í samstarfi við foreldra og aðra fagaðila.

Lögð er áhersla á að mál barna séu leyst í nánu samstarfi við foreldra og að stuðningur sé veittur eins snemma og unnt er með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Sérfræðipjónusta

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) annast sérfræðipjónustu við Grunnskólann í Stykkishólmi. Talmeinafræðingur, skólasálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi er meðal sérfræðipjónustu sem FSSF er með fyrir Grunnskólann í Stykkishólmi.

Stuðningsferli GSS

Snemmtæk íhlutun – samstarf – samræmd þjónusta – eftirfylgni



Ráð og nefndir

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og fulltrúa skólasamfélagsins þar sem fjallað er um stefnu, skipulag og þróun skólastarfs. Í skólaráði eiga sæti fulltrúar starfsfólks, foreldra, nemenda og sveitarfélags í samræmi við ákvæði laga.

Markmið skólaráðs er að efla samstarf og samráð milli þeirra sem koma að skólastarfinu, stuðla að virkri þátttöku skólasamfélagsins og veita umsagnir um helstu áherslur og áætlanir skólans. Skólaráð fundar reglulega yfir skólaárið samkvæmt fundaráætlun.

Póra Margrét Birgisdóttir	Skólastjóri
	Fulltrúi kennara
	Fulltrúi almenns starfsfólks
	Fulltrúi foreldra
	Fulltrúi nær samfélagsins
	Fulltrúi nemenda

Fundaráætlun

ágúst	nóvember
Fundaráætlun skólaráðs Áherslur skólaársins Innra mat og umbótaáætlun Helstu verkefni skólaársins Nemendafjöldi, mannauður og skipulag Skipulagsbreytingar Önnur mál	Skólaárið farið af stað Mæting og skólasókn Staða stoðþjónustu Lesferill og læsisáherslur Innra mat Fjárhagsstaða Önnur mál
mars	maí
Framvinda umbótaáætlunar Leiðsagnarnám og námsmat Innra mat Skólapúls/aðrar kannanir Líðan nemenda Starfsþróun Undirbúningur næsta skólaárs Önnur mál	Mat á starfsáætlun Niðurstöður innra mats Umbótaáætlun næsta skólaárs Helstu styrkleikar skólaársins Áskoranir næsta skólaárs Starfsáætlun næsta skólaárs Skóladagatal Skólaslit Önnur mál

Skóla- og fræðslunefnd

6. gr. laga um grunnskóla frá árinu 2008 stendur þetta um Skólanefndir:

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla.
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi.
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu.
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda.
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir	Aðalmaður
Jón Sindri Emilsson	Aðalmaður
Guðbjörg Arna Evudóttir	Aðalmaður
Kristín Rós Jóhannesdóttir	Aðalmaður
Eva Rut Ellertsdóttir	Aðalmaður
Steinunn Helgadóttir	Varamaður
Agnes Helga Sigurðardóttir	Varamaður
Gunnlaugur Smárason	Varamaður
Ólöf Inga Stefánsdóttir	Varamaður
Rannveig Ernudóttir	Varamaður

Nemendafélag og nemendaráð

Markmið félagsstarfs er að auka félagsfærni nemenda og efla samkennd. Félagsstarf nemenda í 7.–10. bekk Grunnskólann í Stykkishólmi er skipulagt af nemendaráði og íþróttaráði sem er lýðræðislega kosið. Hver bekkur kýs einn fulltrúa til setu í hvort ráð. Formenn beggja ráða eru kosnir á sal.

Einn stærsti viðburður vetrarins er árshátíð nemenda. Yngri nemendur halda hefðbundna árshátíð þar sem hver bekkur undirbýr atriði fyrir áhorfendur. Nemendur í 7.-10. bekk halda hátíðlega árshátíð með hátíðarmat og skemmtiatriðum. Ball er fyrir alla nemendur skólans, í aldursskiptum hópum.

Foreldrafélag

Við skólann starfar foreldrafélag. Skipulag þess er með þeim hætti að í hverjum bekk eru foreldrafulltrúar sem skipa svo foreldrafélagið. Foreldrafulltrúarnir kjósa stjórn í upphafi skólaársins sem svo fundar reglulega á starfstíma skóla. Á vef skólans má sjá hverjir skipa stjórn foreldrafélagsins en hún er jafnan kosin á foreldrafundum í september. Þar er einnig að finna lög félagsins og fundargerðir. Fyrsti fundur foreldrafélagsins er haldinn í lok september eða byrjun október hvers árs.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur t.d. til barnaverndar.

Nemendaverndarráð fundar eftir þörfum, en ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Þóra Margrét Birgisdóttir	Skólastjóri
Ragnar Ingi Sigurðsson	Aðstoðarskólastjóri
Íris Fönn Pálsdóttir	deildarstjóri stoðþjónustu
Ágústa Sigríður Jónsdóttir	tengiliður farsældar
Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir	náms- & starfsráðgjafi
Dagný Rún Þorgrímsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
	Félagsráðgjafi frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Leikreglur

Leikreglur Grunnskólans í Stykkishólmi skapa sameiginlegan ramma um jákvæð samskipti, ábyrgð og öryggi í skólastarfinu. Markmið þeirra er að stuðla að góðum skólabrag þar sem virðing, ábyrgð og samvinna eru höfð að leiðarljósi.

Við gerum þær væntingar til allra nemenda að þeir taki ábyrgð á eigin hegðun, sýni öðrum virðingu og leggi sitt af mörkum til að skapa jákvætt og öruggt skólasamfélag. Á sama tíma ber starfsfólk ábyrgð á að styðja nemendur, leiðbeina þeim og skapa aðstæður sem efla jákvæða hegðun og farsæla þátttöku í skólastarfinu.

Leikreglur skólans voru unnar í samstarfi alls starfsfólks skólaárið 2021–2022 og endurskoðaðar skólaárið 2024–2025. Þær eru birtar á heimasíðu skólans og þar má meðal annars finna upplýsingar um:

- skólareglur,
- hlutverk og ábyrgð nemenda, foreldra og starfsfólks,
- ástundun og skólasókn,
- leyfi og veikindi,
- ferli aga mála og viðbrögð við brotum á skólareglum.

Við leggjum áherslu á uppbyggileg samskipti og að leita leiða til að styðja nemendur til bættrar hegðunar, aukinnar ábyrgðar og góðrar ástundunar.

Áherslu skólaársins 2026-2027

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er markmið okkar að skapa skólasamfélag þar sem allir nemendur fá tækifæri til að læra, dafna og taka virkan þátt í skólastarfinu. Á komandi skólaári verður sérstök áhersla lögð á að efla námsáhuga, styrkja jákvæð samskipti og styðja við vellíðan og þátttöku nemenda.

Áherslurnar endurspeгла sýn skólans um að nám og vellíðan fari saman og að öflug tengsl milli nemenda, starfsfólks og heimili séu forsenda árangursríks skólastarfs.

Efla námsáhuga	Við leggjum áherslu á að:
Við viljum efla forvitni, sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi. Með fjölbreyttum kennsluháttum, leiðsagnarnámi og sýnilegu námi er markmiðið að nemendur skilji tilgang námsins, þekki styrkleika sína og taki virkan þátt í eigin námsframvindu.	• gera markmið námsins sýnileg og skýr • efla þátttöku nemenda í eigin námi • stuðla að jákvæðri námsmenningu og námsgleði • nýta gögn og námsmat til að styðja við framfarir allra nemenda
Styrkja jákvæð samskipti	Við leggjum áherslu á að:
Góð samskipti eru grunnur að öruggu og farsælu skólasamfélagi. Við viljum efla virðingu, samvinnu og ábyrgð í samskiptum og skapa umhverfi þar sem öllum líður vel og finna að þeir skipti máli.	• efla jákvæðan skólabrag og samkennd • styrkja félagsfærni og lausnamiðuð samskipti • stuðla að virku samstarfi milli heimila og skóla • hlúa að faglegri samvinnu og lærdómssamfélagi starfsfólks
Styðja við vellíðan og þátttöku nemenda	Við leggjum áherslu á að:
Við viljum að hver og einn nemandi upplifi öryggi, tilheyri samfélaginu og hafi tækifæri til að taka þátt í námi og félagslífi skólans á eigin forsendum.	• skapa öruggt og styðjandi námsumhverfi, • efla rödd og áhrif nemenda í skólastarfinu, • styðja við farsæld og jákvæða sjálfsmynd nemenda, • nýta snemmtæka íhlutun og markvissa stoðþjónustu til að mæta ólíkum þörfum.
Innra mat og umbótastarf	Við leggjum áherslu á að:
Innra mat er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og styður við markvissa þróun og umbætur. Með reglulegri gagnaöflun, ígrundun og samtali við nemendur, starfsfólk og foreldra/forsjáraðila fylgjumst við með framvindu verkefna skólaársins og metum árangur þeirra.	• taka ákvarðanir sem byggja á gögnum og mati, • fylgjast reglulega með líðan, námi og þátttöku nemenda, • nýta niðurstöður innra mats til umbóta, • efla sameiginlega ábyrgð skólasamfélagsins á þróun skólastarfsins.

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við viljum vera skólasamfélag þar sem nemendur hafa áhuga á námi, eiga í jákvæðum samskiptum og upplifa vellíðan, þátttöku og tækifæri til að vaxa og dafna

Nám og kennsla

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi leggjum við áherslu á fjölbreytta, metnaðarfulla og nemendamiðaða kennslu sem tekur mið af þörfum, styrkleikum og áhuga nemenda. Markmið okkar er að skapa námsumhverfi sem hvetur til forvitni, virkni og ábyrgðar á eigin námi og styður alla nemendur til árangurs.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Fjölbreyttir kennsluhættir	Skipulag náms og kennslu	Nám fyrir alla
Vinna samkvæmt kennsluáætlunum og námsvísunum, Tryggja samfellu milli námslota, Samræma skipulag kennslu innan árganga, Nýta gögn til að þróa kennslu.	Aðlaga kennslu að ólíkum þörfum, Efla þátttöku allra nemenda, nýta samvinnu kennara og stoðþjónustu, Skapa námsumhverfi þar sem allir geta dafnað.	Aðlaga kennslu að ólíkum þörfum, Efla þátttöku allra nemenda, nýta samvinnu kennara og stoðþjónustu, Skapa námsumhverfi þar sem allir geta dafnað.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Kennsluáætlanir styðja við markvissa kennslu. Námsvísar eru sýnilegir og nýtast í daglegu skólastarfi.	Kennsluáætlanir styðja við markvissa kennslu. Námsvísar eru sýnilegir og nýtast í daglegu skólastarfi.	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum þörfum nemenda. Nemendur upplifa að þeir geti tekið virkan þátt í námi sínu.

Við fylgjumst með árangri meðal annars með kennslurýni og vettvangsathuganir, yfirferð kennsluáætlana og námsvísa, innra mat, fagleg samtöl og teymisfundir og niðurstöður nemenda og foreldrakannana.

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við viljum skapa fjölbreytt og metnaðarfullt námsumhverfi þar sem allir nemendur fá tækifæri til að læra, taka virkan þátt og ná árangri á eigin forsendum.

Leiðsagnarnám og námsmat

Leiðsagnarnám er leiðarljósið og grunnurinn okkar að námi og kennslu. Markmið þess er að gera nám sýnilegt, efla þátttöku nemenda og styðja við framfarir hvers og eins. Með markvissri endurgjöf, skýrum námsmarkmiðum og virkri þátttöku nemenda í eigin námi viljum við stuðla að auknum násmáhuga, ábyrgð og vellíðan.

Námsmat er fyrst og fremst ætlað til að styðja við nám og veita nemendum, foreldrum og kennurum skýrar upplýsingar um stöðu, framfarir og næstu skref í námi.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Skýr námsmarkmið og námsvísar	Endurgjöf og þátttaka nemenda	Gagnsætt námsmat og samstarf við heimilin	Áframhaldandi innleiðing leiðsagnarnáms
Forgangsraða hæfniviðmiðum og gera námsmarkmið sýnileg. Endurskoða og efla notkun námsvísa og tengja þá markviss við grunnþætti menntunar. Tryggja samræmi í framsetningu námsmarkmiða milli árganga.	Efla sjálfsmat og jafningjamat. Auka aðkomu nemenda að skipulagi náms, verkefnavali og vinnubrögðum. Nýta reglulega endurgjöf sem styður næstu skref í námi.	Skýra námsmats-stefnu skólans og gera hana aðgengilega. Nýta haustfundi til að kynna stoðþjónustu, námsmat og námsvísa. Efla skilning foreldra á markmiðum náms og framvindu barna sinna.	Halda áfram sameiginlegri þróunarvinnu starfsfólks um leiðsagnarnám. Efla fagleg samtöl og ígrundun um kennsluhætti. Samnýta góðar leiðir og dæmi um sýnilegt nám.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Námsvísar eru sýnilegir í kennsluáætlunum allra árganga. Námsmarkmið eru skýr og aðgengileg nemendum og foreldrum.	Nemendur geta lýst markmiðum sínum og næstu skrefum. Nemendur upplifa að þeir hafi áhrif á eigið nám og kennslu.	Foreldrar upplifa að upplýsingar um námsmat séu skýrar og gagnsæjar. Námsmat styður markviss samskipti milli heimila og skóla.	Leiðsagnarnáms-aðferðir sjást reglulega í kennslu. Starfsfólk tekur virkan þátt í sameiginlegri þróunarvinnu.

Til að fylgjast með árangri munum við meðan annars nýta; kennslurýni og vettvangsathuganir, sjálfsmat og ígrundun starfsfólks, nemenda- og foreldrakannanir, kennsluáætlanir og námsvísa, fagleg samtöl á teymis- og starfsmannafundum

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við viljum að hver nemandi viti hvað hann er að læra, hvers vegna það skiptir máli og hvert næsta skref er.

Læsi og námsárangur

Læsi er undirstaða alls náms og þátttöku í skólasamfélaginu. Lögð er áhersla á að allir nemendur fái tækifæri til að þróa læsi færni sína, efla skilning, tjáningu og gagnrýna hugsun og upplifa ánægju af lestri og námi.

Læsi er sameiginlegt verkefni alls skólasamfélagsins og byggir á samstarfi nemenda, starfsfólks og heimila.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Efla lestraráhuga og lestrarmenningu	Gagndrifið læsisstarf og eftirfylgni	Læsi fyrir alla	Samstarf um læsi
Efla ánægju af lestri og fjölbreytta lestrarupplifun. Hvetja til daglegs lestur heima og í skóla. Efla samstarf heimila og skóla um læsi nýta fjölbreyttan lestur og skapandi verkefni til að vekja áhuga nemenda.	Nýta skimunar- og framvindugögn markvisst. Greina niðurstöður reglulega á teymisfundum. Fylgja eftir nemendum sem þurfa stuðning. Nýta gögn til að skipuleggja kennslu og námsaðlögun.	Nýta snemmtæka íhlutun, tryggja samvinnu kennara og stoðþjónustu, styðja fjöltyngda nemendur í íslenskunámi, efla námsaðlögun og einstaklingsmiðaðar leiðir.	Veita foreldrum skýrar upplýsingar um læsi áherslur og framvindu. Nýta haustfundi og önnur samskipti til að efla skilning á mikilvægi lesturs. Miðla leiðum sem styðja heimalestur og lestraráhuga barna.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Nemendur lesa reglulega heima og í skóla. Nemendur sýna jákvæðara viðhorf til lesturs. Heimilin taka virkan þátt í lestrarverkefnum skólans.	Framvinda nemenda er rýnd reglulega. Stuðningsúrræði byggja á gögnum. Kennarar nýta niðurstöður til að skipuleggja kennslu.	Stuðningur byggir á þörfum nemenda. Framvinda nemenda er sýnileg og skráð. Nemendur upplifa aukna þátttöku og árangur.	Foreldrar upplifa sig vel upplýsta um stöðu og framfarir barna sinna. Heimilin taka virkan þátt í að styðja við lestur.

Til að fylgjast með árangri nýtum við meðal annars; lesferil, Læsi, stöðu og framvindupróf, námsmat og skráningu framfara, rýni á gögn á teymisfundum, nemenda og foreldrakannanir, fagleg samtöl starfsfólks

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við viljum að allir nemendur upplifi sig sem lesendur, taki framförum á eigin forsendum og hafi trú á eigin getu til náms.

Stoðþjónusta og farsæld

Lögð er áhersla á að öll börn fái tækifæri til að læra, dafna og taka virkan þátt í skólastarfi á eigin forsendum. Stoðþjónusta skólans byggir á snemmtækir íhlutun, markvissri eftirfylgni og öfluglu samstarfi nemenda, foreldra og starfsfólks

Markmið stoðþjónustu er að stuðla að vellíðan, þátttöku og farsæld allra nemenda. Greina þarfir snemma og bregðast markvisst við með því að tryggja samræmda og gangadírfrna eftirfylgni. Við viljum efla samstarf milli skóla, heimila og annarra samstarfsaðila og skapa skólasamfélag þar sem fjölbreytileiki er styrkleiki.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Vellíðan og farsæld nemenda	Snemmtæk íhlutun og gagnadirfið starf	Samstarf og samvinna	Stoðþjónusta fyrir alla
Efla jákvæð samskipti og skólabrag, Fylgjast með líðan og þátttöku nemenda, Efla sjálfsmynd og félagsfærni, Styðja við virka þátttöku allra nemenda í skólastarfi.	.Fylgja samræmdri skimunaráætlun skólans Rýna reglulega í gögn um nám, líðan og þátttöku Nýta niðurstöður við skipulag kennslu og stuðnings Fylgja markvisst eftir stöðu nemenda sem þurfa aukinn stuðning	Efla samstarf heimila og skóla Tryggja virkt samstarf kennara og stoðþjónustuteymis Eiga markviss samskipti við farsældarþjónustu og aðra sérfræðinga þegar við á Upplýsa foreldra reglulega um stuðning og framvindu	Efla námsaðlögun Tryggja virkar einstaklingsnámskrár þegar við á Styðja fjöltyngda nemendur nýta fjölbreyttar leiðir til þátttöku og náms
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Nemendur upplifa öryggi og tilheyra skólasamfélaginu nemendur taka virkan þátt í námi og félagslífi skólans Niðurstöður kannana og samtala nýtast til umbóta	Skimanir eru framkvæmdar samkvæmt áætlun Gögn eru nýtt við ákvarðanatöku og skipulag stuðnings Stuðningsúrræði byggja á greiningu og reglulegri eftirfylgni	Foreldrar upplifa gott samstarf við skólann Hlutverk og ábyrgð aðila eru skýr Stuðningsúrræði eru samræmd og markviss	Nemendur fá stuðning við hæfi markmið og framvinda eru skráð og reglulega endurkoðuð Nemendur upplifa árangur og þátttöku

Grunnskólinn í Stykkishólmi vinnur samkvæmt samræmdri skimunaráætlun Frá *Leik til læsis*, sem er samstarfsverkefni við leikskólann. Tilgangur skimana er að fylgjast með námi, líðan og þátttöku nemenda, greina þarfir þeirra snemma og tryggja að viðeigandi stuðningur sé veittur á réttum tíma

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við viljum að hver nemandi upplifi öryggi, tilheyri samfélaginu og fái stuðning við hæfi til að læra, dafna og taka virkan þátt í skólastarfinu.

Mannauður og lærdómssamfélag

Í skólanum leggjum við áherslu á að skapa faglegt lærdómssamfélag þar sem starfsfólk vinnur saman að því að efla nám, vellíðan og farsæld nemenda. Við trúum því að öflugur mannauður, markviss skólaþróun og góð samvinna séu lykilforsendur árangursríks skólastarfs.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Samvinna og faglegt lærdómssamfélag	Starfsþróun og fagmennska	Starfsánægja og viðvera
Efla fagleg samtöl og teymisvinnu. Nýta skipulagsdaga og fundi til ígrundunar og þróunar. Miðla góðum starfsháttum á lærdómssþingi skólans.	Tengja starfsþróun við umbótaáætlun og innra mat. Efla símenntun og faglega fræðslu. Halda regluleg starfsþróunarsamtöl. Veita nýju starfsfólki markvissan stuðning með leiðsagnarkennara.	Efla jákvæð samskipti og samvinnu. Skapa sveigjanlegt vinnuumhverfi sem samræmist starfsemi skólans. Vinna samkvæmt viðverustefnu skólans og leggja áherslu á snemmtækan stuðning og góð samskipti þegar upp koma áskoranir. Stuðla að jafnvægi milli starfs og einkalífs og styðja við vellíðan starfsfólks.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Starfsfólk tekur virkan þátt í faglegu samstarfi. Góðum starfsháttum er markvisst miðlað innan skólans. Starfsfólk upplifir aukið samstarf og sameiginlega ábyrgð.	Allt starfsfólk tekur þátt í starfsþróun. Starfsþróun endurspeglar áherslur skólaársins. Nýtt starfsfólk fær skipulagðan stuðning og leiðsögn.	Starfsfólk upplifir jákvætt og styðjandi starfsumhverfi. Viðverustefna skólans er virk. Starfsánægja og samvinna eru reglulega mæld og metin.

Til að fylgjast með árangri nýtum við meðal annars starfsþróunarsamtöl, starfsmannafundi og teymisfundi, niðurstöður kanana og gögn um viðveru.

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við trúum því að öflugur mannauður, fagleg samvinna og sameiginlegt lærdómssamfélag séu lykillinn að farsælu skólastarfi og árangri allra nemenda.

Heimili, samfélag, þátttaka og skólabragur

Skólinn leggur áherslu á náð samstarf heimila, skóla og nær samfélagsins. Við trúum því að gott samstarf, gagnkvæmt traust og virk samskipti séu mikilvæg forsenda þess að nemendur náí að dafna í námi og félagslífi. Jákvæður skólabragur verður til þegar allir leggja sitt af mörkum og vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Samstarf heimila og skóla	Samfélag og þátttaka	Jákvæður skólabragur
Efla regluleg og uppbyggileg samskipti við foreldra. Veita skýrar upplýsingar um nám, námsmat og skólastarf. Skapa vettvang fyrir samráð og þátttöku foreldra. Vinna saman að farsælli skólagöngu nemenda.	Efla samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Nýta nærumhverfið sem vettvang náms. Hvetja nemendur til virkar þátttöku í samfélaginu. Gera skólastarfið sýnilegt í nær samfélaginu	Efla jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu. Styðja þátttöku og rödd nemenda. Stuðla að öryggi, vellíðan og góðum skólabrag. Fagna árangri og fjölbreytileika skólasamfélagsins. Viðhalda símalausu skólaumhverfi sem styður við nám, samskipti og vellíðan.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur	Viðmið um árangur
Foreldrar/forsjáraðilar upplifa að upplýsingagjöf sé skýr og aðgengileg. Samstarf heimila og skóla einkennist af trausti og gagnkvæmri virðingu.	Nemendur taka þátt í að minnsta kosti einu samfélagsverkefni. Skólinn á í virku samstarfi við nær samfélagið.	Nemendur og starfsfólk upplifa jákvæðan skólabrag. Nemendur taka virkan þátt í skólasamfélaginu. Samfélagið þekkir og tekur þátt í skólastarfinu.

Til að fylgjast með árangri nýtum við Skólapúlsinn, fundargerðir skólaráðs, viðburði og samstarfsverkefni ásamt reglulegri ígrundun og innra mati.

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Við byggjum upp öflugt skólasamfélag þar sem heimili, skóli og samfélag vinna saman að því að skapa nemendum öruggt, metnaðarfullt og jákvætt námsumhverfi.

Innra mat og umbótastarf

Innra mat er órjúfanlegur hluti af daglegu skólastarfi og mikilvægur þáttur í að efla gæði náms, kennslu og vellíðanar. Innra mat hjálpar okkur að rýna í það sem vel er gert, greina tækifæri til umbóta og taka ákvarðanir sem byggja á gögnum og sameiginlegri ígrundun.

Markmið innra mats er að:	• efla gæði náms og kennslu • styðja við vellíðan og þátttöku nemenda • styrkja faglegt lærdómssamfélags starfsfólks • auka gagnsæi gagnvart foreldrum og skólasamfélaginu • nýta niðurstöður markvisst til umbóta
Leiðarljós innra mats	• Hvað gengur vel? • Hvað getum við gert betur? • Hvaða gögn höfum við? • Hvaða næstu skref ætlum við að taka?
Við nýtum meðal annars:	• niðurstöður kannana meðal nemenda, foreldra og starfsfólks • námsmat, skimanir og framvindugögn • kennslurýni og vettvangsathuganir • fundargerðir og fagleg samtöl • skólaþing og nemendaþing • sjálfsmat og ígrundun starfsfólks

Leiðarljós skólaársins 2026-2027

Innra mat byggir á reglulegri gagnaöflun, ígrundun, umbótum og eftirfylgni.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Á skólaárinu verður sérstök áhersla lögð á:

Efla gæðastarf og sameiginilega ábyrgð	Auka sýnileika og gagnsæi	Efla þátttöku skólasamfélagsins
• Gæðaráð stafar markvisst og fundar reglulega. • Innra mat er fastur liður í fundum starfsfólks. • Niðurstöður innra mats eru kynntar og ræddar innan skólasamfélagsins.	• Upplýsingar um innra mat, umbótaáætlanir og helstu niðurstöður eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. • Starfsáætlun og umbótaáætlanir eru nýttar sem lifandi vinnuskjöl.	• Skólaþing og nemendaþing eru haldin. • Rödd nemenda, foreldra og starfsfólks er nýtt við ákvarðanatöku og umbótastarf.

Þessar áherslur byggja beint á umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2026-2027

Umbótaáætlun

Markmið	Aðgerðir	Viðmið um árangur
Innra mat verði sýnilegur hluti af skólastarfinu	Gæðaráð, fundir, heimasíða, skólaþing	- Gæðaráð fundar 4 sinnum, - Innra mat er tekið fyrir 4 sinnum á starfsmannafundum - Upplýsingar birtar á heimasíðu

Innra mat er ekki verkefni sem unnið er í lok skólaárs heldur samfelld ígrundun og sameiginleg ábyrgð á því að gera gott skólastarf enn betra.

Áherslur og viðmið starfsáætlunar eru metin í maí/júní af stjórnendum og gæðaráði og niðurstöur nýttar við gerð innra mats og umbótaáætlunar næsta skólaárs.

Mælaborð skólaársins og mat við lok skólaárs

Mælaborð skólaársins er verkfæri sem styður við markvissa eftirfylgni með framkvæmd starfsáætlunar. Það veitir yfirsýn yfir helstu áherslur skólaársins, hvernig fylgst er með framvindu þeirra og hvernig árangur er metinn við lok skólaárs.

Við lok skólaárs eru niðurstöður mælaborðsins nýttar við innra mat skólans og mótun umbótaáætlunar næsta skólaárs. Með þessum hætti verður starfsáætlunin lifandi stjórnntæki sem styður við stöðugar umbætur á skólastarfinu.

Áhersluþáttur	Hvernig fylgjumst við með	Mat við lok skólaárs
Leiðsagnarnám og námsmat	Kennslurýni, námsvísar, námsat	● Náðist ● Að hluta ● Í vinnslu
Læsi og námsárangur	Lesferill, Læsir, stöðu- og framvindupróf	● Náðist ● Að hluta ● Í vinnslu
Stoðþjónusta og farsæld	Skimanir, teymisfundir, eftirfylgni	● Náðist ● Að hluta ● Í vinnslu
Mannauður og lærdómssamfélag	Starfsþróun, starfsmannafundir, viðvera	● Náðist ● Að hluta ● Í vinnslu
Heimili, samfélag, þátttaka og skólabragur	Skólapúlsinn, skólaráð	● Náðist ● Að hluta ● Í vinnslu